


# Fræðslurit Ríkiskaupa

INNKAUPAKORT RÍKISINS





# Um Innkaupakort ríkisins

Innkaupakort ríkisins er greiðslu- og kreditkort fyrir opinberar stofnanir.

Tilgangur innkaupakortanna er í meginatriðum þríþættur:

- \* Að lágmarka umsýslukostnað ríkisstofnanna vegna allra innkaupa.
- \* Að bæta aðgengi stjórnenda að upplýsingum um innkaup og rekstrarútgjöld.
- \* Að styrkja notkun á rammisamningskerfi Ríkiskaupa með notkun kortanna.

Þegar innleiðing Innkaupakorts ríkisins stóð yfir var markmiðið að lækka umsýslukostnað, auka yfirsýn stjórnenda ásamt því að auka notkun á rammisamningum. Þegar stofnanir tóku við sér sáu þær ýmsa aðra hagræðingarmöguleika s.s. að nota kortin við kaup á ferðum starfsmanna bæði innan lands og erlendis.

## Staðreyndir um Innkaupakortið

- \* Innkaupakort ríkisins hefur verið í boði frá árinu 2000.
- \* Aðstoð við stofnanir hefur verið ókeypis
- \* Allar ríkisstofnanir fengu kynningu og heimsóknir á sínum tíma
- \* Mjög erfiðlega hefur gengið að fá ítarupplýsingar frá birgjum
- \* Kortið reiknar ekki afslætti heldur gerir sölukerfi seljenda það. Til að tryggja að rammisamningsafslættir skili sér til kaupenda þarf að gefa upp kennitölu.
- \* Ferðatryggingar fyrir ríkisstofnanir hafa verið fríar frá árinu 2000

## Færslusíða Innkaupakortsins

Færslusíða MasterCard hefur reynst frábært tæki til aukins hagræðis í bókhaldi, innkaupum og samþykktarferli fyrirtækja.

Á færslusíðuna koma inn allar færslur sem gerðar eru með Innkaupakortinu. Þessar færslur er svo hægt að skoða og gera á þeim allar algengustu bókhaldsaðgerðir s.s. að skipta þeim upp, skrá á bókhaldslykla, skipta á deildir, samþykkja o.fl.

Stjórnendur og handhafar ofangreindra korta geta fengið aðgang að færslusíðu og aukið þannig yfirsýn yfir innkaup og útgjöld sem þeir bera ábyrgð á. Starfsmenn geta því sjálfir fylgst með sínum kortum og gert á þeim ofangreindar aðgerðir, samþykkt færslur o.þ.h., allt eftir verklagi hvers fyrirtækis.

Fjármálastjóri eða bókarari getur svo fært samþykktar færslur, rafrænt, beint í bókhaldskerfi fyrirtækisins og aukið þannig hagræði við vinnu bókhalds.

## FAQ - Algengar spurningar

### **Er meiri hættá á misnotkun ef notuð eru Innkaupakort frekar en að nota beiðnir eða greiða starfsmönnum fyrir útlagðan kostnað skv. nótum. ?**

Svar: Á færslusíðu Innkaupakorts birtast allar færslur Innkaupakortsins jafnóðum og þær berast og þannig fæst rauntíma yfirsýn yfir útgjöld fyrirtækisins. Færslurnar eru greindar niður á deildir, korthafa, söluaðila og upphæð. Notkun Innkaupakorts ásamt færslusíðu gerir stjórnendum auðvelt að fylgjast með útgjöldum.

Viljandi misnotkun á Innkaupakortum er næstum óþekkt en dæmi eru um að Innkaupakort hafi óvart verið notað í stað eigin korta og þess háttar mistök eru fljótt sýnileg og auðvelt að leiðrétta.

### **Eiga allir starfsmenn að vera með Innkaupakort ?**

Svar: Allir starfsmenn sem stofna til útgjalda ættu að fá Innkaupakort og bera ábyrgð á færslum á sitt kort innan þeirra úttektarheimilda sem stofnunin ákvarðar. Korthafi ber ábyrgð á að úttektum fylgi nótur fyrir bókhaldið. Skilgreindar vinnureglur ásamt undirritun ábyrgðaryfirlýsingar frá korthöfum þurfa að vera til staðar.

Meðal þeirra útgjalda sem stofnanir setja á Innkaupakort eru:

- \* Flugfargjöld
- \* Fastir reikningar vegna orku, síma o.þ.h.
- \* Þjónustusamningar vegna tölva, tækja og sorphirðu
- \* Rekstrarvörur fyrir mötuneytið eða skrifstofuna
- \* Áskriftir að dagblöðum og tímaritum
- \* Verslun á netinu
- \* Smáinnkaup eins og bakkelsi fyrir fundi, bensín á fyrirtækjabíla og matur fyrir starfsmenn á ferðalögum

### **Hvað kostar að fá Innkaupakort ríkisins ?**

Svar: Innkaupakort ríkisins er fritt.

### **Hvers vegna ætti stofnun frekar að velja Innkaupakort fram yfir önnur kreditkort ?**

Svar: Árgjald Innkaupakorts ríkisins er ekkert, þau kjör bjóðast ekki á öðrum kortum. Innkaupakort ríkisins safnar ekki neinni tegund fríðinda.

Nánari upplýsingar og samanburð á kortum má sjá á [www.kreditkort.is](http://www.kreditkort.is)

## Er hægt að nota Innkaupakort ríkisins til að greiða fyrir innanlandsflug?

Svar: Já það er hægt. Betra er að nota Flugkort sem gefið er út af Flugfélagi Íslands til að trygg sé að umsamin afsláttur af fargjöldum skili sér til kaupenda. Ferðatryggingar innanlands fylgja þegar fargjöld innanlands eru greidd með Flugkorti.

## Fylgja ferðatryggingar Innkaupakorti ríkisins ?

Svar: Já ferðatryggingar fylgja Innkaupakorti ríkisins. Sjóvá sér um ferðatryggingar fyrir Kreditkort sem gefa út Innkaupakortið. Allir korthafar eru sjálfkrafa með ferðatryggingar og nær hún einnig til tveggja samstarfsmanna. Korthafi verður að vera með í ferðinni ! Sjá skilmála á næstu síðu.

## Ferðatryggingar Sjóvá með Innkaupakorti

Allar neðangreindar upplýsingar varðandi váttryggingarskilmála er fengnar af vef Sjóvár, sbr.:

[http://www.sjova.is/files/2009\\_5\\_19\\_MC%20Innkaupakort%20ríkisins.pdf](http://www.sjova.is/files/2009_5_19_MC%20Innkaupakort%20ríkisins.pdf)

## Helstu atriði váttryggingarskilmála Sjóvá og MasterCard Innkaupakorts ríkisins:

### Váttryggingarfjárhæðir

- \* Dánarbætur vegna slyss 9.000.000
- \* Örorkubætur vegna slyss 9.000.000
- \* Sjúkratrygging 8.000.000\*
- \* Ferðarof 120.000
- \* Samfylgd í neyð 160.000
- \* Endurgreiðsla ferðar 360.000
- \* Sjúkrahúsdagpeningar 120.00
- \* Farangurstrygging 200.000\*\*
- \* Innkaupatrygging 200.000\*\*
- \* Farangurstöf 50.400
- \* Ferðatöf 18.000
- \* Mannránstrygging 240.000
- \* Forfallatrygging 350.000\*
- \* Ábyrgðartrygging 40.000.000\*\*

\* eigin áhætta kr. 8.000

\*\* eigin áhætta kr. 16.000

## Gildisákvæði

\* Vátrygging skv. eftirfarandi skilmálum gildir á ferðalögum frá heimili vátryggðs í allt að 60 samfellda ferðadaga.

\* **Vátryggingin nær til korthafa MasterCard Innkaupakort ríkisins, maka, sambýlismaka og barna á framfæri til loka 22 ára aldurs og eins eða tveggja viðskiptavina eða samstarfsmanna í samfylgd korthafa í viðskiptaferðum.** Skilyrt er að skýrt komi fram á ferðareikningi hverjir skulu tryggðir á kortinu (t.d. með því að þeir séu skráðir á sérstakan ferðareikning).

\* Sé um ferðalag á Íslandi að ræða er vátryggingin því aðeins gild að a.m.k. helmingur ferðakostnaðar hafi verið greiddur með MasterCard Innkaupakorti ríkisins kreditkorti eða gistirými bókað fyrirfram og kortanúmer gefið upp til greiðslu. Skilyrði þessi skulu í öllum tilfellum vera uppfyllt fyrir brottför frá heimili vátryggðs.

\* Vátryggður sem fer til tímabundinna starfa til annarra landa er vátryggður skv. 1.1 en einstaklingur sem fer til náms er einungis vátryggður á útleið og heimleið.

\* Vátryggður sem býr utan Íslands er tryggður skv. grein 1.1 þegar hann ferðast til annarra landa, en ekki á ferðalögum innan dvalarlandsins.

\* Á ferðalögum á Íslandi eru slysatjón í einkabifreiðum undanskilin áhætta í vátryggingu þessari með hliðsjón af 91. og 92. grein umferðarlaga nr. 50/1987.

\* Vátryggingin gildir ekki á ferðalögum á landi eða legi utan alfaraleiða.


**Allar nánari upplýsingar um kortin og skilmála sem þeim tengjast gefur Steingrímur Sigurðsson hjá Kreditkortum**



# Hvernig sæki ég um Innkaupakort?

Sótt er um innkaupakort ríkisins á vef Kreditkorta:

<https://www.kreditkort.is/fyrirtaeki/umsoknir/fyrirtaekjakortumsokn>



The screenshot shows a Mozilla Firefox browser window with the title "Fyrirtækjaumsókn - Mozilla Firefox". The address bar displays the URL "https://www.kreditkort.is/fyrirtaeki/umsoknir/fyrirtaekjakortumsokn". The browser's search bar is set to "Search the web" with the "Search Ask" button. The browser's toolbar includes buttons for "Save Video", "Record Audio", "Convert", "Play", "Settings", and "Tell a Friend". The browser's tabs show "Facebook | Hjalti Ómar Ágústsson...", "Vísir - Derek Zoolander vaknar til...", "Innkaupakort ríkisins", and "Fyrirtækjaumsókn".

The main content of the page is the MasterCard application form, titled "Umsókn um fyrirtækjakort MasterCard". The form is divided into several sections:

- Kennitala fyrirtækis:** A text input field for the company's identification number.
- Hvaða kort viltu sækja um?** A section with five radio button options:
  - Viðskiptakort Silfur
  - Viðskiptakort Gull
  - Corporate
  - Innkaupakort ríkisins
  - Innkaupakort MasterCard
- Plúskort:** A section with a sub-heading "Plúskortin virka eins og venjuleg kreditkort nema að þú stýrir heimild kortsins með innlögnum. Það þarf enga ábyrgðarmenn eða tryggingar fyrir Plúskortin." and two radio button options:
  - Viðskiptakort Silfur Plús
  - Viðskiptakort Gull Plús

At the bottom right of the form, there is a "VeriSign Secure" logo and a "Áfram" button. The browser's status bar at the bottom shows "Done" and a lock icon.



# RÍKISKAUP

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík  
[www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is)